



Sýslumaðurinn Kópavogi



Ársskýrsla 2004

Efnisyfirlit

I. Inngangur	5
II. Rekstur embættisins	7
1. Rekstrarkostnaður embættisins	7
2. Húsnæði embættisins	8
3. Þróun byggðar í Kópavogi	8
a. Íbúafjöldi	8
b. Aukin atvinnustarfsemi	9
c. Kópavogshöfn	9
d. Áhrif þróunar byggðar á rekstur embættisins	9
III. Skrifstofusvið	10
1. Deildaskipting	10
2. Starfsmenn	10
3. Lögfræðideild	10
a. Þinglýsingar	10
b. Opinber mál	11
c. Aðfararmál	12
d. Nauðungarsala	12
e. Sifjamál	12
f. Dánarbú	13
g. Önnur mál	13
4. Innheimtudeild	13
5. Tryggingadeild	14
IV. Löggæsla	15
1. Skipulag löggæslunnar	15
2. Almenna deild lögreglunnar	15
3. Rannsóknardeild	16
4. Sérverkefnadeild	17
a. Sektarinnheimta	17
b. Birtingar á dómum, fyrirköllum og útgefin leyfi	17
c. Eftirlit með útlendingum	18
d. Forvarnir og fræðsla	18
Fræðsla í leik- og grunnskólum	18
Samstarf við ýmsa aðila.....	19
Aðrar forvarnir.....	19
5. Yfirlit yfir ýmsa brotaflokkanna	19
V. Árangursstjórnunarsamningur og langtímaáætlun	24
1. Árangursstjórnunarsamningur.....	24
2. Langtímaáætlun	24
3. Deilimarkmið	25
4. Mat á árngri samkvæmt settum deilimarkmiðum.....	26
5. Nokkur áhersluatriði	27

I

Inngangur

Ársskýrsla embættis sýslumannsins í Kópavogi er hér gefin út í fyrsta sinn með formlegum hætti. Því þykir rétt að gera nokkra grein fyrir starfsemi embættisins ekki einungis á árinu 2004 heldur nokkur síðustu ár. Samanburður er gerður á málafjölda og ýmsar tölu-
legar upplýsingar bornar saman nokkur ár aftur í tímann.

Ekkert sveitarfélag í landinu hefur tekið jafn miklum breytingum og Kópavogur á undanfórnum árum. Frá árinu 1992 til 2004 hefur íbúum í Kópavogi fjölgað yfir 53% og jafnframt hefur öll atvinnustarfsemi í sveitarfélaginu aukist að mun. Þessar breytingar hafa haft í för með sér stóraukin verkefni hjá sýslumannsembættinu í Kópavogi. Þrátt fyrir þetta hafa fjárveitingar til embættisins frá 1992 til 2003 hækkað tiltölulega lítið umfram almennar launa- og verðlagsbreytingar. Tekist hefur að halda rekstri embættisins innan fjárheimilda langflest umrædd ár. Reynt hefur verið að haga rekstri á sem hagkvæmasta hátt með skipulögðum aðgerðum. Jafnframt hefur embættið haft að markmiði að veita sem besta þjónustu á öllum sviðum. Hversu til hefur tekist í þessum efnum má fyrst og fremst þakka starfsmönnum embættisins sem hafa lagt sig fram um að ná árangri í starfi og hafa rækt störf sín af samviskusemi og dugnaði.

Í ársbyrjun 2004 var undirritaður árangursstjórnunarsamningur milli embættisins og dómismálaráðuneytisins. Í samræmi við samninginn var gerð langtímaáætlun til ársins 2007. Í þeirri áætlun hefur embættið sett sér markmið í því skyni að ná sem bestum árangri. Tvímælalaust má fullyrða að öll viðleitni til þess að taka upp ný og markviss vinnubrögð við stjórnun sem byggir á faglegri þekkingu skilar árangri í betri og skilvirkari stjórnsýslu, betri þjónustu við borgarana og meiri ánægju starfsmanna. Til þess að ná sem bestum árangri er nauðsynlegt að allir starfsmenn séu meðvirkir í þeirri vinnu.

Embættið skiptist í tvö megin svið. Annars vegar skrifstofusvið, þar sem meginhluti verkefna eru hin hefðbundnu verkefni sýslumanna svo og innheimta opinberra gjalda og umboðsstörf fyrir Tryggingastofnun ríkisins og hins vegar löggæslusvið.

Skýrslan skiptist í fimm kafla. Í öðrum kafla er fjallað um þá þætti í embættisrekstrinum sem snerta embættið í heild. Í þriðja kafla er fjallað um skrifstofusvið embættisins og í fjórða kafla er fjallað um löggæslusviðið. Í fimmta kafla er nokkuð fjallað um langtímaáætlun og stefnumótandi verkefni sem embættið hefur unnið að og sem það hyggst vinna að.

Þorleifur Pálsson, sýslumaður

II

Rekstur embættisins

1. Rekstrarkostnaður embættisins

Hér á eftir er birt yfirlit yfir rekstrarkostnað embættisins frá 1998 til 2004 svo og yfirlit yfir tekjur, gjöld og ríkisframlag fyrir árin 2003 og 2004.

Yfirlit yfir rekstrarkostnað og skiptingu milli skrifstofusviðs og löggæslu

Ár	1998	1999	2000	2001	2002	2003	2004
Laun	162.626	189.720	192.142	205.292	232.987	236.807	255.759
Önnur rekstrargjöld	31.111	31.252	37.175	69.043	73.285	75.263	74.759
Eignakaup	2.293	1.571	1.702	12.055	2.679	2.058	3.169
Sértekjur	1.450	7.215	2.306	5.592	2.329	3.525	2.640
Rekstrarkostnaður	194.580	215.328	228.713	280.798	306.622	310.603	331.047

Skrifstofusvið	91.480	98.023	102.715	133.677	130.385	129.410	137.956
<i>Hundraðshluti af heild</i>	47,0	45,5	44,9	47,6	42,5	41,7	41,7
Löggæslusvið	103.100	117.305	125.998	147.121	176.237	181.193	193.091
<i>Hundraðshluti af heild</i>	53,0	54,5	55,1	52,4	57,5	58,3	58,3

Allar upphæðir eru í þús. kr.

Rekstrarafkoma 2003 og 2004

	2003	2004
Sértekjur	3.525.409	2.640.382

Gjöld

Laun og launatengd gjöld	236.807.996	255.758.893
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	12.163.930	11.534.998
Funda- og ferðakostnaður	1.347.765	1.634.796
Aðkeypt sérfræðipjónusta	538.135	444.778
Restur tækja og áhalda	4.305.666	3.581.026
Annar rekstrarkostnaður	7.467.671	7.596.853
Húsnæðiskostnaður	40.469.513	41.481.449
Bifreiðarekstur	8.970.385	8.485.786
Eignakaup	2.058.215	3.168.514
Samtals gjöld	314.129.276	333.687.093
Gjöld að frádrögnum sértekjum	310.603.867	331.046.711
Ríkisframlag	314.186.000	335.831.000
Tekjuafgangur ársins	3.582.133	4.784.289

Fjárveitingar hafa að meginstofni til fylgt almennri verðlagsþróun í landinu. Nefna má þó sérstaklega eftirfarandi hækkanir fjárveitinga. Frá fjárlögum 2001 hefur framlag til rekstrargjalda verið hækkað vegna hækkunar húsaleigu eftir að embættið flutti í nýtt húsnæði svo og vegna húsgagnakaupa o. fl. vegna flutningsins á því ári. Á fjárlögum 2002 var framlag vegna launa til löggæslu hækkað um 5,0 milljónir króna (eitt stöðugildi). Á fjárlögum 2004 var framlag til skrifstofuhluta hækkað um 4,0 milljónir króna og til löggæslu um 11,0 milljónir króna, (tvö stöðugildi).

Sértekjur voru háar á árunum 1999 og 2001 sem eru fyrst og fremst vegna endurgreiðslu frá ríkislögreglustjóraembættinu vegna vegaeftirlits sem lögreglan í Kópavogi annaðist í samvinnu við Vegagerðina.

Rekstur embættisins hefur öll árin nema 2001 verið innan fjárheimilda.

2. Húsnæði embættisins


Embættið flutti í nýtt húsnæði að Dalvegi 18 í byrjun júní 2001. Húsið er í eigu Málningar ehf. Það er innréttað eftir þörfum embættisins. Umskiptin að flytja úr hinu eldra húsnæði í Auðbrekku 10 í hið nýja húsnæði voru mikil og góð fyrir embættið.



3. Þróun byggðar í Kópavogi

a. Íbúafjöldi

Hinn 1. desember 2004 voru íbúar í Kópavogi 25.784. Frá árinu 1992 fram til 2004 hefur íbúum í Kópavogi fjölgað yfir 53%. Á sama tíma fjölgaði íbúum í öðrum sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu um 17% og á öllu landinu um 11,9%. Umrædd íbúafjölgun hefur leitt til verulegra aukinna verkefna hjá embættinu svo sem kemur víða fram í skýrslu þessari.






b. Aukin atvinnustarfsemi

Fyrirtækjum í Kópavogi hefur fjölgað verulega á síðustu tíu árum. Nægir í því sambandi að minna á verslunarmiðstöðina Smáralind. Öll þessi aukning hefur haft áhrif á starfssemi embættisins.



c. Kópavogshöfn

Á síðustu árum hefur orðið mikil uppbygging við Kópavogshöfn. Fyrir tveimur árum hóf fyrirtækið Atlantsskip reglulegar ferðir frá Evrópu og Ameríku með viðkomu og aðstöðu í Kópavogshöfn. Kópavogshöfn er nú tollhöfn samkvæmt tollalögum nr. 55/1987, sbr. breyting á þeim lögum nr. 32/2003. Tolladeild sýslumannsins í Hafnarfirði annast tollafgreiðslu við Kópavogshöfn í umboði sýslumannsins í Kópavogi.



d. Áhrif þróunar byggðar á rekstur embættisins

Verkefni embættisins hafa aukist nokkurn veginn í hlutfalli við íbúafjölgun og aukna atvinnustarfsemi í bæjarfélaginu. Hér á eftir verða birtar tölulegar upplýsingar um mála fjölda á flestum sviðum embættisins.

III

Skrifstofusvið

1. Deildaskipting

Skipurit fyrir skrifstofusvið var gert í apríl 2001 og samþykkt af dómsmálaráðuneytinu. Skipuritið gerir ráð fyrir eftirfarandi deildaskiptingu:

Skrifstofudeild

Verkefni eru fyrst og fremst bókhald og fjárvarsla sem varðar rekstur embættisins í heild svo og ýmis önnur verkefni sem falla ekki undir aðrar deildir.

Lögfræðideild

Öll venjubundin verkefni sem lögfræðingum er ætlað að annast.

Innheimtudeild

Innheimta opinberra gjalda.

Tryggingadeild

Umboðsstörf fyrir Tryggingastofnun ríkisins.

2. Starfsmenn

Í árslok 2004 voru starfsmenn í skrifstofuhluta samtals 27 (þar af 3 í hlutastarfi) er fylltu 26 stöðugildi. Til samanburðar má geta þess að í árslok 1992 voru samþykkt stöðugildi hjá embættinu 28. Frá þeim tíma hefur íbúum í umdæminu fjölgað yfir 53% og verkefni hafa aukist að sama skapi. Með samstilltu átaki starfsmanna hefur tekist að mæta sífellt auknu álagi og fjölgun verkefna án þess að fjölga starfsmönnum og ber að þakka þeim það.

3. Lögfræðideild

Í deildinni starfa nú 5 lögfræðingar í 4,5 stöðugildum auk lögfræðings sem er bæði skrifstofustjóri og staðgengill sýslumanns. Aðrir starfsmenn deildarinnar er fjórir í 3,5 stöðugildum. Hér að neðan birtist yfirlit yfir nokkur verkefni sem gætu verið nokkuð lýsandi fyrir umfang verkefna frá árinu 1998 til 2003.

Fjöldi mála í lögfræðideild

Ár	Fjárnámsbeiðnir	Uppboðsbeiðnir	Þinglýst skjöl	Sifjamál	Dánarbú	Ákæruskjöl
1998	2.388	905	12.590	343	74	98
1999	3.038	710	13.013	364	118	135
2000	4.152	928	11.538	344	93	120
2001	4.744	1.203	11.208	469	88	173
2002	6.430	1.535	12.897	505	131	192
2003	5.771	1.336	12.983	519	111	209
2004	5.046	986	14.818	433	106	198
Fjöldun frá 1998	111%	9%	18%	26%	43%	102%

a. Þinglýsingar

Þinglýstum skjölum hefur fjölgað um 18% frá 1998. Við þinglýsingar starfa þrjú starfsmenn, þar af einn lögfræðingur. Á undanförunum árum hefur verið unnið að því að skrá þinglýsingar inn í tölvu. Sérstakt skráningarforrit hefur verið unnið samkvæmt ákvörðun dómsmálaráðuneytisins í samvinnu við Fasteignamat ríkisins. Forritið er þannig gert að samræmd er skráning sveitarfélaga, Fasteignamats ríkisins og þinglýsingarskráning sýslumanna. Allir þessir aðilar geta sjálfstætt fært sinn hluta í skráningarforritið en byggja þó skráninguna á tilteknum sameiginlegum grunnatriðum. Skráningarforritið hefur verið nefnt „Landskrá fasteigna“. Embættið hefur verið þátttakandi í þessari skipulagsvinnu frá upphafi. Í árslok 2004 var lokið við að færa hjá embættinu 86,24% af eignum inn í hið nýja forrit.

b. Opinber mál

Ákærumálum hefur fjölgað hin síðari ár svo sem fram kemur í málayfirliti lögfræðideildar. Hér eru birt tvö yfirlit. Annars vegar yfirlit yfir fjölda lögreglustjórasedka og sundurliðun eftir málaflokkum. Hins vegar er yfirlit yfir fjölda ákærumála. Í þessu yfirliti eru tölur miðaðar við fjölda brota en ekki fjölda mála eins og þau eru skráð í málaskrá lögreglu eða ákærvalds.

Ákærumál	Fallið frá saksókn				Ákærufræstun				Útgefnar ákæru			
	2001	2002	2003	2004	2001	2002	2003	2004	2001	2002	2003	2004
ALMENN HEGNINGARLÖG												
Skjalafals og skyld brot	0	0	7	0	1	0	0	0	7	2	7	4
Líkamsmeiðingar	1	2	0	0	0	1	1	0	12	6	12	7
Auðgunarbrot	3	200	155	162	29	19	18	0	72	116	100	93
Brot er varða fjárréttindi	63	0	0	0	5	6	2	1	9	13	11	8
Ýmis önnur brot	0	0	0	1	0	0	1	0	1	3	8	0
SÉRREFSILÖG												
Lög um ávana og fikniefni	0	0	0	1	0	0	0	0	20	20	18	33
Vopnalög	0	0	0	1	0	0	0	0	2	3	4	1
Áfengislög	0	0	0	0	0	0	0	0	2	3	3	0
Ölvunarakstur	0	0	0	0	0	0	0	0	50	73	79	142
Önnur umferðalagabrot	1	2	11	15	0	0	1	1	130	150	132	66
Önnur sérrefsilagabrot	0	4	9	2	0	0	0	0	10	1	0	1
Samtals	68	208	182	182	35	26	23	2	315	390	374	355

Á ofangreindu yfirliti má sjá, að frá árinu 2001 hefur umtalsverð fjölgun orðið á auðgunarbrotum, sem lýkur með niðurfellingu saksóknar, m.v.t. 113. gr. laga um meðferð opinberra mála nr. 19/1991. Aðeins er fallið frá saksókn vegna þriggja auðgunarbrotarárið 2001, en árið 2002 er fallið frá saksókn vegna 200 slíkra brota. Óhætt er að fullyrða að rekja megi þessa gífurlega fjölgun auðgunarbrotará, sem fá þessi málalok, til opunnar stórrar verslunarmiðstöðvar í umdæminu haustið 2001. Við afgreiðslu á málum vegna þjófnaðar í verslunum fylgir embættið fyrirmælum ríkissaksóknara um afgreiðslu slíkra mála. Samkvæmt þeim ber almennt að falla frá saksókn vegna búðarþjófnaðar við fyrsta brot, enda sé málið að fullu upplýst, aðeins um smáræði að ræða og kærði játi sök. Komi til frekari afgreiðslu mála á hendur kærða vegna búðarþjófnaðar ber eftir atvikum að grípa til ákærufræstunar, lögreglustjórasedka eða ákæru, en afgreiðsla máls veltur einkum á umfangi brots, aldri kærða og brotaferli. Þegar fallið er frá saksókn, ber lögreglustjóra almennt að tilkynna sakborningi og brotáþola bréflaga um ákvörðunina. Sé sakborningur yngri en 18 ára er hann þó boðaður til fundar við löglærðan fulltrúa ásamt forsjáradila og þeim kynnt að fallið hafi verið frá saksókn. Með slíkri málsmeðferð við niðurfellingu saksóknar gefst ákærvaldinu gott færi á að brýna alvarleika afbrota fyrir hlutaðeigandi ungmennum og benda á að með niðurfellingu saksóknar sé þeim gefið tækifæri til að bæta ráð sitt, en upplýsingar um niðurfellingu saksóknar eru ekki færðar í sakaskrá og gefst því hlutaðeigandi kostur á að halda „hreinu“ sakavottorði.

Lögreglustjórasedka
Almenn hegningarlög
Ölvun við akstur
Önnur umferðalagabrot
Önnur sérrefsilagabrot

2001	2002	2003	2004
0	4	8	16
91	71	73	50
82	59	43	72
30	31	58	36

c. Aðfararmál

Á síðustu árum hefur aðfararbeiðnum fjölgað mikið eða um 111% frá árinu 1998. Mestur fjöldinn var þó á árinu 2002 þegar bærust til embættisins 6.430 aðfararbeiðnir.

Aðfarargerðir	Fjárnám				Aðrar aðfarargerðir			
	2001	2002	2003	2004	2001	2002	2003	2004
Beiðnum ólokið f.f.ári	708	1.087	1.812	1.622	2	1	5	3
Nýjar beiðnir	4.735	6.430	5.771	5.270	9	15	11	18
Beiðnir alls til meðferðar	5.433	7.507	7.573	6.882	11	16	16	21
Beiðnum alls lokið	4.356	5.705	5.961	5.729	10	11	13	18
Beiðnum ólokið 31/12	1.087	1.812	1.622	1.163	1	5	3	3

d. Nauðungarsala

Nauðungarsölubeiðnum hefur fjölgað síðustu ár svo sem fram kemur í yfirliti yfir mál í lögfræðideild. Frá árinu 1998 til ársins 2003 fjölgaði beiðnum um 48%. Á árinu 2004 fækkaði beiðnum nokkuð og voru 1.096 vegna fasteigna og 267 vegna lausafjár.

Nauðungarsala	Fasteignir og skip				Lausafé			
	2001	2002	2003	2004	2001	2002	2003	2004
Málum ólokið f. f. ári	315	327	495	438	72	109	128	121
Nýjar uppboðsbeiðnir	1.016	1.278	1.096	846	187	296	267	140
Mál alls til meðferðar	1.331	1.605	1.591	1.284	259	405	395	261
Málum alls lokið	1.004	1.110	1.153	923	150	277	274	200
Málum ólokið 31/12	327	495	438	361	109	128	121	61

e. Sifjamál

Sifjamálum hefur fjölgað síðustu árin svo sem fram kemur í yfirliti yfir mál í lögfræðideild eða um 26% frá árinu 1998. til 2004. Á árunum 2002 og 2003 eru talsvert fleiri mál en 2004. Þar skiptir mestu máli að faðernis- og meðlagsmálum fækkar verulega á árinu 2004.

Sifjamál	2001			2002			2003			2004		
	Staða mála			Staða mála			Staða mála			Staða mála		
	1/1.	Ný mál	31/12.	1/1.	Ný mál	31/12.	1/1.	Ný mál	31/12.	1/1.	Ný mál	31/12.
Hjónavígslur		17			20			24			21	
Skilnaðarmál	4	129	12	12	131	13	13	105	7	7	119	12
Framfærslu/lífeyrismál	0	9	0	0	5	0	0	8	0	0	1	1
Faðernis- og meðlagsmál	5	96	4	4	94	9	9	105	5	5	42	6
Almenn meðlagsmál	10	60	17	17	69	13	13	62	11	11	60	13
Forsjár- og meðlagsmál	2	88	9	9	88	7	7	112	11	5	75	10
Umgengismál	8	27	10	10	37	10	10	48	16	16	52	20
Dagsektarmál	0	1	0	0	0	0	0	2	1	1	0	0
Mál 62. gr. barnalaga	1	30	6	6	39	1	1	40	6	6	26	5
Mál 60. gr. barnalaga	3	10	4	4	21	2	2	12	4	4	33	5
Mál VI kafla barnalaga	0	1	1	1	0	0	0	0	0	0	0	0
Staðfestar samvistir		1			1			1		0	0	0
Samtals	33	469	63	63	505	55	55	519	61	55	429	72

f. Dánarbú

Frá árinu 1998 til 2004 fjölgaði málum um 43%.

Dánarbú	2001	2002	2003	2004
Ólokið f. f. ári	26	29	28	32
Ný mál	88	131	111	105
Ólokið í árslok	29	28	32	23

g. Önnur mál

Hér eru tilgreind nokkur verkefni. Auk þeirra hefur embættið með höndum ýmis önnur mál svo sem utankjörfundaratkvæðagreiðslu,

Önnur mál	2001	2002	2003	2004
Lögræðismál	37	37	27	40
Lögbókandagerðir	51	80	58	66
Skráning kaupmála	26	30	30	29
Skráning firma	23	14	16	8

Leyfi og skírteini	2001	2002	2003	2004
Umsóknir um ökuskírteini	2287	1835	1946	1931
Æfingaakstursleyfi	912	944	1082	391
Umsóknir um vegabréf	1567	1445	2165	2616
Meistarabréf og önnur atvinnuréttindi	43	15	14	14
Veitingahús, gististaðir, skemmtanir o. fl.	18	17	12	10
Ýmis önnur leyfi	4	5	19	34

4. Innheimtudeild

Innheimtudeildin er fjölmennust. Í deildinni starfa að jafnaði fjórir til fimm starfsmenn auk deildarstjóra sem hefur daglega verkstjórn með höndum. Gjaldkerar eru þar ekki taldir með þótt störf þeirra lúti að langmestu leyti að störfum vegna innheimtunnar. Samkvæmt skipuriti heyrir deildin beint undir skrifstofustjóra sem er jafnframt innheimtustjóri embættisins.

Til þess að gefa hugmynd um ýmsar innheimtuaðgerðir eru birtar tölur um þetta síðustu tveggja ára.

Innheimtuaðgerðir	2003	2004
Aðfararbeiðnir	2.662	2.541
Nauðungarsölubeiðnir	378	229
Gjaldþrotabeiðnir	62	50

Innheimtuárangur

Gjöld	2001	2002	2003	2004
Staðgreiðsla SK	96,60%	98,00%	98,18%	98,67%
Virðisaukaskattur	97,37%	98,07%	98,32%	98,90%
Opinber gjöld einstaklingar	84,66%	82,53%	76,39%	79,26%
Opinber gjöld félög	89,27%	83,40%	89,56%	94,94%
Bifreiðagjöld	98,43%	98,30%	98,87%	99,15%
Pungaskattur	94,37%	97,30%	97,92%	98,58%

Ártölin í töflunni hér að framan vísa til þess hvenær gjöldin voru lögð á. Innheimtuárangur er miðaður við stöðuna eins og hún er 1. júlí árið eftir að gjöldin voru lögð á. Endanlegur innheimtuárangur er því nokkuð hærri heldur en þær tölur sem birtast á yfirlitinu gefa til kynna og nálgast 100% í mörgum tilvikum.

Þjónustudeild tollstjóraembættisins í Reykjavík vinnur ýmsar tölulegar upplýsingar varðandi innheimtuna hjá öllum innheimtuembættum landsins. Í töflu þeirri sem birtist hér að framan eru aðeins tekin nokkur gjöld sem gætu verið nokkuð lýsandi mælikvarði á innheimtuárangur. Embættið hefur kappkostað að ná sem bestum árangri í innheimtu opinberra gjalda. Þegar metinn er innheimtuárangur er einkum tvennt haft í huga. Annars vegar árangur embættisins á hverju ári samanborið við fyrri ár og hins vegar er samanburður gerður miðað við árangur á landsvísu. Feitletraðar tölur á yfirlitinu segja til um að innheimtuárangur er yfir landsmeðaltali. Árangur í innheimtu staðgreiðslu SK á síðasta ári er betri en undanfarandi ár og er rétt undir landsmeðaltali. Á sama hátt hefur náðst betri árangur í innheimtu virðisaukaskatts á árinu 2004 en áður og er nú rétt undir landsmeðaltali. Árangur í innheimtu annarra gjalda sem eru á framangreindu yfirliti er yfir landsmeðaltali og í sumum tilfellum nemur það nokkrum prósentustigum.

5. Tryggingadeild

Almannatryggingar taka til eftirtalinna trygginga; lífeyristrygginga, slysatrygginga og sjúkratrygginga. Samkvæmt lögum annast Tryggingastofnun ríkisins almannatryggingar og hefur stofnunin aðalskrifstofu í Reykjavík. Utan Reykjavíkur annast sýslumenn umboðsstörf fyrir Tryggingastofnunina samkvæmt ákvörðun tryggingaráðs. Í tryggingadeildinni sem annast umboðsstörf fyrir Tryggingastofnunina starfa 3 starfsmenn. Í töflu hér að neðan er að finna helstu tölur um starfsemi umboðsins.

Lífeyristryggingar

	2002	2003	2004
Fjöldi úrskurða	8.525	8.108	5.567
Lífeyristryggingar	1.657.501	2.004.188	2.228.378
Félagsleg aðstoð	593.063	646.811	635.200
Slysatryggingar	5.031	4.521	5.712
Fjárhæðir samtals	2.255.595	2.655.520	2.869.290

Allar fjárhæðir eru í þús. kr.


IV

Löggæsla

1. Skipulag löggæslunnar

Samkvæmt skipuriti lögreglunnar í Kópavogi, sem er frá árinu 1997, er löggæslunni skipt í eftirtaldar þrjár deildir; almenna deild, rannsóknardeild og sérverkefnadeild. Samtals eru 30 stöðugildi sem tilheyra löggæslunni, 29 lögreglumenn og einn skrifstofumaður. Auk yfirlögregluþjóns eru tveir aðstoðaryfirlögregluþjónar. Hinn 1. desember 2004 voru íbúar í Kópavogi 25.784. Samkvæmt þessu eru 889 íbúar að baki hverjum lögreglumanni í Kópavogi. Þótt óvída á landinu séu fleiri íbúar að baki hverjum lögreglumanni en í Kópavogi þá hefur lögreglan kappkostað að veita sem besta þjónustu og reynt að sinna öllum þeim löggæsluverkefnum sem upp hafa komið af skilvirkni og fagmennsku. Hvernig til hefur tekist má þakka öfluggu starfsliði lögreglunnar.

Fjöldi íbúa á hvern lögreglumann



Fjölgun lögreglumanna hefur ekki haldist í hendur við fjölgun íbúa. Í árslok 2004 voru 889 íbúar að baki hverjum lögreglumanni eða rúmlega 26% fleiri en árið 1992.



2. Almenna deild lögreglunnar

Verkefni almennu deildar lögreglunnar eru fyrst og fremst hin hefðbundnu verkefni löggæslunnar. Vaktir eru fjórar og eru fjórir lögreglumenn á hverri vakt. Vaktími er tólf klst. og vaktaskipti eru kl. 7 að morgni og kl. 19 að kvöld. Til viðbótar lögreglumönnum á hinum föstu vöktum er gert er ráð fyrir að allt að þrjú lögreglumenn starfi í deildinni að degi til virka daga og um helgar og starfi eftir sérstöku vaktkerfi. Að jafnaði eru fimm til sex lögreglumenn að störfum að nóttu til um helgar.

Verkefni lögreglunnar hafa aukist samfara fjölgun íbúa í umdæminu og aukinni atvinnu-starfsemi á undanförunum árum. Þrátt fyrir aukin verkefni telur lögreglan að hún hafi stað-
ið undir þeim væntingum sem til hennar eru gerðar. Geta má þess að þegar sérstaklega
erfið löggæsluverkefni hafa komið upp hefur verið leitað til sérsveitar ríkislögreglustjóra
sem er á vakt á höfuðborgarsvæðinu allan sólarhringinn. Einnig má geta þess að gott
samstarf hefur verið milli allra embættanna á höfuðborgarsvæðinu og hafa þau veitt hvert
öðru aðstoð við einstök löggæsluverkefni eftir því sem þurfa þykir.

Lögreglustöðin hefur um árabíl verið opin allan sólarhringinn. Með tilkomu fjarskipta-
miðstöðvar lögreglunnar, sem staðsett er í Skógarhlíð í Reykjavík og er rekin á vegum
ríkislögreglustjóra í samvinnu við neyðarlínuna, hefur skapast möguleiki á að loka af-
greiðslu lögreglustöðvarinnar að nóttu til utan helga. Ytri forstofa stöðvarinnar er þó
ætið opin og þangað geta þeir leitað sem eiga erindi á stöðina þótt afgreiðslan sé lokuð.
Myndavélabúnaður og annar fjarskiptabúnaður í ytri forstofunni er tengdur við fjar-
skiptamiðstöðina sem þjónar þeim sem þangað leita. Þessi skipan gerir það mögulegt að
allir lögreglumenn geta samtímis verið úti við löggæslustörf. Að jafnaði geta verið tveir
lögreglubílar í eftirliti að nóttu til sem skapar meira öryggi fyrir bæjarbúa og tryggir betri
löggæslu án aukakostnaðar.

Í byrjun ársins 2004 markaði lögreglan í Kópavogi sér ákveðna stefnu og setti sér mark-
mið sem miðuðu m.a. að fækkun afbrota. Framtíðarsýn var mótuð sem og leiðarljós.
Leiðarljós lögreglunnar í Kópavogi er að efla öryggi og þjónustu með góðri samvinnu,
fagmennsku og heiðarleika.

Var þetta í fyrsta sinn sem slíkt var gert með þessum hætti. Stefnt var að því að hafa mark-
miðin fá, skýr og mælanleg. Sett voru markmið í 5 málaflokkum:

- að fækka innbrotum um 10%
- að fækka þjófnum um 15%
- að fækka eignaspjöllum um 12%
- að fækka umferðaróhöppum um 7%
- að fjölga afskiptum lögreglu vegna fíkniefnamisferlis um 150%.

Óljóst var hvort markmiðin væru raunhæf eða ekki. Sett markmið náðist einungis í einum
málaflokki þ.e. fjölgun afskipta lögreglu vegna fíkniefnamisferlis en afskiptum lögreglu
fjölgði um 275%.

Í upphafi árs 2005 var stefnumótun og markmiðasetning með svipuðu sniði en markmiðin
endurskoðuð í ljósi fenginnar reynslu. Áherslan er á sömu málaflokkum og árið 2004.
Meginatriði í þessu máli er að hér hefur lögreglan reynt að feta sig inn á braut sem kölluð
hefur verið árangursmiðuð löggæsla en í henni felst að fylgst er náið með brotatiðni í
hverjum málaflokki og reynt að meta orsakir þess ef brotum fjölgar og í kjölfar þess reynt
að bregðast við á hvern þann hátt sem talið er að gagni megi koma. Árangur er síðan
metinn að nýju og málið skoðað og teknar að nýju ákvarðanir, allt gert í þeim tilgangi að
hamla gegn brotastarfsemi.

3. Rannsóknardeild

Verkefni rannsóknardeildar er fyrst og fremst að annast rannsóknir sakamála. Yfirmaður
deildarinnar er aðstoðaryfirlögregluþjónn. Auk hans starfar einn lögreglufulltrúi og þrír til
fjórir rannsóknarlögreglumenn. Einn af þeim annast fyrst og fremst fíkniefnalöggæslu.

Fjöldi verkefna hjá rannsóknardeild hafa farið vaxandi með fjölgun íbúa í umdæminu
og auknum umsvifum á öllum sviðum. Í byrjun árs 2003 voru settar verklagsreglur um
rannsóknir mála í því skyni m. a. að flýta afgreiðslu mála í deildinni. Í apríl 2004 var það

markmið sett að rannsóknartími væri að meðaltali ekki meira en 60 dagar í hverju máli. Mældur var tími í hverju máli frá því það var skráð til rannsóknar í deildina og þar til rannsókn þess var lokið. Í mánaðarlok var árangur mældur. Síðustu mánuði ársins náðist þetta markmið og var meðalmálsmeðferðartími vel innan greindra marka eða innan við 40 dagar. Jafnframt því að sett hafa verið markmið um verkhraða innan deildarinnar hefur verið lögð áhersla á vönduð og fagleg vinnubrögð. Á undanförunum árum hafa óvenju mörg erfið og viðamikil mál komið til rannsóknar hjá rannsóknardeildinni í Kópavogi. Sem dæmi má nefna að á síðastliðnum 5 árum hafa sex manndrápsmál komið til rannsóknar í deildinni. Í þeim málum hefur deildin notið stuðnings tæknideildar embættis lögreglustjórans í Reykjavík, sem er til stuðnings öllum lögregluembættum í landinu varðandi tæknirannsóknir. Góðum árangri má þakka vel hæfum starfsmönnum deildarinnar.

Á árinu 2000 var ráðinn rannsóknarlögreglumaður sem hafði fyrst og fremst það verkefni að vinna að uppljóstrun og rannsóknnum mála sem vörðuðu brot á lögum um ávana- og fíkniefni. Þessi starfsemi lögreglunnar hefur verið eflað samhliða því að forvarnarstarf hefur verið aukið. Á súluriti síðar í þessari skýrslu kemur í ljós að málum er varða brot gegn lögum um ávana- og fíkniefni hefur fjölgað á árinu 2004 sem telja verður að stafi fyrst og fremst af aukinni virkni lögreglunnar. Auk þessara verkefna annast þessi lögreglumaður eftirlit með vinnuáhrifum en þeim hefur fjölgað nokkuð síðustu ár.

4. Sérverkefnadeild

Verkefni sérverkefnadeildar eru eftirfarandi; sektarinnheimta, birtingar dóma, sektarboða og ýmissa fyrirkalla, útgáfa ýmissa leyfa, eftirlit með útlendingum og forvarnarstarf. Í deildinni starfa að jafnaði þrjú lögreglumenn.

a. Sektorinnheimta

Á undanförunum árum hafa verkefni á sviði innheimtu aukist.

Innheimta sekta og málskostnaðar

Ár	2002	2003	2004
Sektir samkvæmt sektarboðum	27.240	26.266	22.513
Sektir samkvæmt lögreglustjórásáttum	7.558	8.389	8.308
Viðurlagaákvæðanir í dómi	2.374	4.096	4.399
Sektir samkvæmt dómsáritunum	4.068	6.368	5.257
Sektir samkvæmt dómum	9.654	10.703	8.956
Samtals	50.894	55.822	49.433

Allar tölur eru í þús. kr. Málskostnaður er hér talinn með viðkomandi gjaldi.

b. Birtingar á dómum og fyrirköllum og útgefin leyfi

Um er að ræða birtingar á dómum og fyrirköllum, sektarákvörðunum og öðrum ákvörðunum sem birta þarf samkvæmt lögum um meðferð opinberra mála. Deildin annast útgáfu á leyfum sem gefin eru út samkvæmt vopnalögum svo og brennuleyfi.

Ýmis verkefni sérverkefnadeildar

Ár	2001	2002	2003	2004
Birtingar				
Fyrirköll	249	307	338	302
Dómar	91	116	136	114
Árituð sektarboð	543	405	708	458
Aðrar birtingar og handtökur	18	145	92	67
Ítrekanir sektarboða	171	219	202	185
Samtals	1072	1192	1476	1126
Mál send í dómsáritun	742	630	544	474

Ýmis skotvopnaleyfi

Leyfi til þátttöku í námskeið í meðferð skotvopna	163	53	33	32
Aukin skotvopnaréttindi	131	73	37	42
Leyfi til þátttöku í endurhleðslu		2	1	1
Heimild til þess að eignast skotvopn	144	106	125	220
Endurnýjun skotvopnaleyfis	41	35	35	45
Samrit skotvopnaleyfis	12	1	2	6
Samtals	491	270	233	346

Önnur leyfi

Brennuleyfi	2	2	2	3
Flugeldasýningar	3	2	7	5
Flugeldasöluleyfi	6	10	12	12
Samtals	11	14	21	20

c. Eftirlit með útlendingum

Verkefni deildarinnar sem varða útlendingamál eru m. a. afhending leyfa sem eru gefin út af Útlendingastofnun og jafnframt er hér um að ræða ákveðin eftirlitsstörf af hálfu lögreglunnar tengdum þeim leyfum. Á árinu 2003 voru 235 leyfi afhent en 174 á árinu 2004. Af hálfu löggæslunnar í landinu er lögð meiri áhersla nú en áður á ýmis mál er varða útlendinga. Lögreglan í Kópavogi tekur þátt í því starfi í samræmi við þá stefnu.

d. Forvarnir og fræðsla

Í ársbyrjun 2004 var tekin ákvörðun um að ráða lögreglumann sem sinnti eingöngu ýmsum forvarnarmálum. Í lok árs 2002 varð ráðinn forvarnarfulltrúi á vegum Kópavogsbæjar sem hefur haft starfsaðstöðu í húsakynnum embættisins og starfar í tengslum við lögregluna. Hlutverk hans er að sinna forvarnarstarfi í grunnskólum bæjarins einkum þó vímuefnavörnum. Góð reynsla hefur verið af samstarfi forvarnafulltrúa bæjarins og þeim lögreglumanni sem hér um ræðir. Þess er vænst að starf þeirra beggja muni skila árangri.

Helstu verkefni þessa lögreglumanns hafa verið eftirfarandi; að annast fræðslu í leik- og grunnskólum Kópavogs, áfengis- og fíknefnavarnir, afbrota- og slysavarnir, samstarf við ýmsa aðila og málefni barna sem brjóta af sér.

Fræðsla í leik- og grunnskólum

Boðið er upp á fræðslu fyrir börn í leikskólunum. Bangsi sem er kallaður "Lúlli löggubangsi" tekur þátt í þessari fræðslu lögreglu. 14 leiksskólar af 19 hafa nýtt sér þessa fræðslu. Umferðarskólinn sem er starfræktur í samvinnu við Umferðastofnu, Kópavogsbæ og lögreglu er fyrir fimm til sex ára börn. Vorið 2004 voru haldnir 17 fræðslufundir í Umferðarskólanum, þar sem 429 börn og 267 foreldrar mættu. Tveir lögreglumenn koma að þessari fræðslu.



Nemendum í öllum grunnskólum Kópavogs stendur til boða fræðsla frá lögreglu á flestum aldurstigum. Á árinu 2004 voru þetta átta grunnskólar, tæplega 3.900 nemendur á grunnskólaaldri í Kópavogi, þar af 360 til 418 nemendur í árgangi. Áhersla hefur verið lögð á að bjóða upp á umferðarfræðslu fyrir yngsta skólastigið. Lögreglan heimsótti alla nemendur í 1. bekk er skóli hófst að hausti. Auk þess stendur skólunum til boða að vori að fá lögreglumann í heimsókn í yngstu bekkjardeildirnar og hafa flestir skólar nýtt sér það. Lögreglumaður sem sinnir forvörnum útbjó fræðsluefni fyrir nemendur í 6. bekk um þjófnað og afleiðingar slíkrar háttsemi. Var það efni unnið í samvinnu við fyrirtæki sem eru með verslanir í Smáralind. Er verkefnið tilkomið vegna fjölda þjófnaða sem á sér stað í verslunarmiðstöðinni. Hafa þeir styrkt verkefnið m.a. með því að kosta bækling sem afhentur er nemendum í fræðslunni. En jafnframt er stuðst að hluta til við námsefni sem ríkislögreglustjóri og Námsgagnastofnun gáfu út árið 2003. Ætlunin var að kenna þetta efni haustið 2004, en ekki varð að því vegna verkfalls kennara. Var því boðið upp á það á vorönninni 2005 og tóku allir skólarnir þátt í því, yfir 400 nemendur. Lögreglumenn víða af landinu hafa verið að kynna sér þetta fræðsluefni hjá lögreglunni í Kópavogi og ætlunin er að þeir taki það upp í sínum embættum. Einnig kemur lögreglan að fræðslu á unglingsstiginu, þó aðallega vímuvarnafræðslu og þá bæði fyrir nemendur og foreldra.

Samstarf við ýmsa aðila

Lögreglan tekur þátt bæði í formlegu og óformlegu samstarfi við hina ýmsu aðila vegna forvarnamála í Kópavogi. Lögreglumaður sem sinnir forvarnamálum situr í samstarfshópi um forvarnir í Kópavogi. Formlegt samstarf er við starfsmenn barnaverndar vegna barna sem hafa brotið af sér. Samstarfsfundir eru reglulega haldnir með þeim. Samstarf er við foreldrafélög vegna vímuefnamála og útivistar barna. Lögreglumaður sem sinnir forvörnum tekur þátt í samstarfshópi um foreldrarölt í Kópavogi og tekur þátt í eftirliti til að fylgjast með útivistartíma barna og vímuefnanotkun. Á eftirlitsvöktum er einnig náðið samstarf við starfsmenn Íþróttá – og tólmstundarráðs Kópavogs, sem einnig taka þátt í eftirlitnu. Auk þess er lögreglan í samstarfi við marga aðila, þar á meðal stjórnendur grunnskóla, félagsmiðstöðva og vinnuskólans. Gott samstarf lögreglu hefur verið við starfsmenn í Menntaskólanum í Kópavogi sem sinna forvarnamálefnum.


Aðrar forvarnir

Lögreglan kemur að margs konar forvörnum í formi fræðslu og upplýsingagjöf til fjölmargra aðila í bæjarfélaginu. Lögreglufélag Kópavogs gaf út forvarnablað í desember 2004 sem dreift var inn á öll heimili í Kópavogi. Í því var komið inn á ýmsar forvarnir. Embætti sýslumannsins styrkti útgáfu þess. Samstarf hefur verið við stjórnendur verslunarmiðstöðvarinnar Smáralindar til að stemma stigum við þjófnaði með afbrotavörnum og aukið samstarf hefur verið við öryggisverði þar. Gefinn hefur verið út upplýsingabæklingur hjá lögreglu til foreldra barna sem eru staðin eru af þjófnaði. Er það gert í samráði við aðila sem reka verslanir í Smáralind. Gott samstarf hefur verið við Kópavogspóstinn og hefur forsvarsmaður hans birt greinar í blaðinu frá lögreglunni sem varða öryggismál í umferðinni.

5. Yfirlit yfir ýmsa brotaflokkka


Meðfylgjandi tafla sýnir heildarfjölda brota í umdæminu. Önnur verkefni lögreglu eru ekki inni í þessum tölum. Kærðum brotum hefur fækkað frá árinu 2001. Fækkunina má að mestu leyti rekja til færri kæra vegna umferðarlagabrota.

Heildarfjöldi mála




Hegningarlagabrotum hefur fjölgað lítillega á tímabilinu og það á einnig við um sérrefsilagabrot önnur en umferðarlagabrot. Þeim síðastnefndu hefur fækkað talsvert.

Fjöldi mála skipt eftir tegundum



Ef fjöldi mála er skoðaður í ljósi fjölgunar íbúa má sjá að öllum brotategundum hefur fækkað hlutfallslega á tímabilinu.


Fjöldi brota á hverja 10,000 íbúa




Hér fyrir neðan er yfirlit yfir algengustu hegningarlagabrotin í umdæminu.

	2001	2002	2003	2004
Þjófnaður (244)	671	967	801	821
Innbrot	280	297	285	324
Eingaspjöll (Minniháttar skemmdarverk 257.1)	478	373	287	315
Nytjastuldur vélknúinna faratækja (259.1)	36	33	34	56
Líkamsárás (217)	73	66	56	55
Hótanir (233)	33	28	15	21
Fjársvik - Ýmislegt (248)	15	24	17	20
Húsbrott (231)	16	15	14	11
Gripdeild (245)	3	4	14	10
Fölsun - Lyfseðlar	2	4	3	9
Fjársvik - Greiðslukort (248)	0	1	0	9
Skjöl, misnotkun skjala (157)	1	5	9	8
Fjárdráttur - Peningar (247)	6	7	7	8
Fölsun - Skjalafals (155)	5	9	5	7
Líkamsárás, líkamsmeiðingar minni (218.1)	4	4	2	7


Talsverð fjölgun þjófnaða átti sér stað milli árana 2001 og 2002. Skýringin liggur í því að þá var opnuð stór verslunarmiðstöð í umdæminu. Þar á sér stað mestur hluti þjófnaðarmála sem inn á borð lögreglunnar í Kópavogi koma. Flestir þjófnaðir eiga sér stað í verslunum eða tæp 60%. Unnið hefur verið markvisst að því að stemma stigu við þjófnumum og hefur þeim fækkað talsvert frá árinu 2002.




Innbrotum hefur fjölgað á tímabilinu. Flest innbrot voru í bifreiðar eða um 40%, um 13% í íbúðarhúsnæði, um 24% í fyrirtæki og um 23% í annars konar húsnæði, s.s. vinnuskúra.



Eignaspjöllum hefur fækkað umtalsvert frá árinu 2001 eða um 35%.




Talsverð fækkun líkamsrásra hefur átt sér stað hvort sem litið er til heildarfjölda slíkra brota eða hlutfallslegan samanburð við fjölda íbúa í umdæminu.



Hér fyrir neðan má sjá yfirlit yfir algengustu sérreksilagabrot, önnur en umferðarlagabrot, í umdæminu.


	2001	2002	2003	2004
Fíkniefni, varsla, neysla	48	59	35	94
Fíkniefni, ýmis fíkniefnabrot	3	4	0	8
Fíkniefni, dreifing, sala	6	4	4	16
Vernd barna og ungmenna, lög þar um	85	163	89	42
Áfengislög, ölvun á almannafæri	72	59	37	33
Lög um útlendinga	0	0	0	27
Útlendingar, lög um eftirlit með útlendingum	10	18	27	11
Vopnalög (nr 16/1998)	16	28	21	26
Lögreglusamþykkt, lög um lögreglusamþykktir	23	7	3	17
Tryggingar, ýmislegt	2	4	16	15
Brot á lögrelgulögum	3	6	3	11

Kærum vegna fíkniefnabrota hefur fjölgað verulega á tímabilinu. Ein meginástæðan fyrir því er að lögrelgan hefur lagt aukna áherslu á þennan málaflokk.



Að neðan er yfirlit yfir algengustu umferðarlagabrot í umdæminu á tímabilinu.

	2001	2002	2003	2004
Of hraður akstur (37 gr)	2075	1651	1827	1605
Umferðaróhapp, eignatjón	502	473	481	486
Ökuskírteini ekki meðferðis (48 gr)	424	359	305	346
Skoðun, vanrækt að færa ökutæki til aðalskoðunar (67 gr)	453	528	176	288
Ökumaður vélknúins ökutækis nota farsíma án handfrjáls búnaðar	3	26	189	176
Öryggisbelti/bílbelti ekki notað af ökumanni (71 gr)	170	422	280	161
Ölvun við akstur (45 gr)	156	197	164	133
Skoðun, vanrækt að færa ökutæki til endurskoðunar (67 gr)	195	181	109	133
Afstunga, brot á skyldum við umferðaróhapp (10 gr)	125	116	113	116
Ökuskírteini, ekið án þess að endurnýja ökuskírteini (48 gr)	105	126	117	102
Akstur gegn rauðu ljósi (5 gr)	49	55	79	73
Skráningarnúmer, bann við notkun ökutækis	55	41	39	63
Tillitssemi, eigi sýnd nægjanleg tillitssemi eða varúð (4 gr)	53	51	66	61
Akstur bifreiðar eða bifhjóls sviptur ökuréttindum (48 gr)	55	54	39	48



Árangursstjórnunarsamningur og langtímaáætlun

1. Árangursstjórnunarsamningur

Í ársbyrjun 2004 var gengið frá árangursstjórnunarsamningi milli sýslumannsembættisins og dómsmálaráðuneytisins og var hann undirritaður af dómsmálaráðhera og sýslumanni hinn 19. janúar 2004.

Markmið og áherslur samkvæmt samningnum eru eftirfarandi:

1. Varðandi stjórn embættisins:

- 1.1. Að það verði rekið á sem hagkvæmastan hátt og innan þeirra fjárheimilda sem ákveðnar eru hverju sinni.
- 1.2. Að allar úrlausnir verði unnar af sem mestum gæðum og þekkingu.
- 1.3. Að það tileinki sér þau vinnubrögð og nýti sér þá tækni er leiði til sem mestrar skilvirkni við afgreiðslu mála.
- 1.4. Að móta heildarstefnu á sviði starfsmannamála, þar sem kveðið er m. a. á um endurmenntun og þjálfun starfsmanna og jafnréttismál.
- 1.5. Að leggja áherslu á að veita þeim aðilum sem til embættisins leita góða þjónustu.
- 1.6. Að nýta upplýsingatækni, í samræmi við stefnu dómsmálaráðuneytisins, með það fyrir augum að greiða fyrir aðgangi borgaranna í samskiptum við embættið.
- 1.7. Að embættið leggi áherslu á að auka samstarf við aðra aðila í þeim tilgangi að ná sem bestum árangri á sviðum er lúta að hlutverki þess.

2. Varðandi löggæslu:

- 2.1. Að gæta almannaöryggis og halda uppi lögum og reglu.
- 2.2. Að auka öryggi borgarann á sem bestan hátt.
- 2.3. Að stemma stigum við afbrotum með öflugum forvarnar- og eftirtílsstarfi.
- 2.4. Að vinna svo sem kostur er að uppljóstrun afbrota.

3. Varðandi önnur verkefni:

- 3.1. Að innheimta opinberra gjalda verði sem skilvirkust.
- 3.2 Að þjónusta við Tryggingastofnun ríkisins verði í samræmi við kröfur hennar.
- 3.3. Að þjónusta við einstaklinga, fyrirtæki og stofnanir varðandi önnur mál verði eins góð og kostur er.

2. Langtímaáætlun

Á grundvelli árangursstjórnunarsamningsins var gerð á árinu langtímaáætlun til ársins 2007. Áætlunin byggir á þeim markmiðum sem sett eru fram í árangursstjórnunarsamningnum. Rétt þykir að taka hér upp eftirfarandi atriði úr langtímaáætluninni: Framtíðarsýn, leiðarljós og nokkur deilimarkmið.

a. Í samningnum er dregin upp eftirfarandi framtíðarsýn:

- Embættið vill vera framsækið á öllum sviðum, ná árangri í starfi og uppfylla kröfur viðskiptavina um góða og skilvirka þjónustu og væntingar ráðuneyta um árangur í starfi.
- Stefnir er að því að embættið hafi ávallt á að skipa ánægðu og vel upplýstu starfsfólki sem hefur aðstöðu og tækifæri til að tileinka sér þekkingu og nýngar á starfssviði sínu.

b. Embættið lítur á eftirtalin fjögur atriði sem hornsteina góðs árangurs og hefur þau að leiðarljósi:

1. Góð þjónusta

Að embættið uppfylli skyldur sínar eins vel og kostur er gagnvart viðskiptavinum sínum og þeim ráðuneytum eða stofnunum sem embættið hefur samskipti við

2. Vandvirkni

Að allar úrlausnir verði unnar á faglegan og vandaðan hátt og í samræmi við þær reglur sem um starfsemina gilda.

3. Skilvirkni

Verkefni verði unnin á eins skömmum tíma og kostur er án þess að það komi niður á verkgaðum.

4. Hagkvæmni

Að embættið verði rekið á sem hagkvæmastan hátt og að markmiðum verði náð án þess að embættið fari fram úr fjárheimildum.

c. Gildi sem höfð eru að leiðarljósi

Starfsmenn sýslumannsembættisins í Kópavogi hafa valið að hafa að leiðarljósi eftirfarandi gildi í störfum sínu hjá embættinu, í samskiptum sínum við viðskiptavini og í samskiptum sínum innbyrðis:

Fagmennska - Heiðarleiki - Samvinna – Þjónustulund

3. Deilimarkmið samkvæmt langtímaáætlun

Í langtímaáætluninni eru eftirfarandi deilimark valin:

Markmið	Mæli- kvarði	Hvernig mælt	Viðmið 2007
Starfsfólk			
Ánægja starfsmanna	% ánægðra	Viðhorfskönnun	> 90%
Innra starf			
Afgreiðslutími sífjamála er sæta úrskurði	Dagar	Talning úr málaskrá sífjadeildar	< 180 dagar
Afgreiðslutími annarra sífjamála	Dagar	Talning úr málaskrá sífjadeildar	< 30 dagar
Afgreiðslutími ákærumála hjá ákæranda	Dagar	Talning úr málaskrá lögreglu	< 60 dagar
Tölvuvæðing þinglýsinga	%	Mælt af FMR	≥ 98 %
Innheimtuárangur (m.v. 1. mars þ.e. hr.tb. 200702) a) Staðgreiðsla b) Tryggingargjald (TG) c) Virðisaukaskattur d) Opinber gjöld einstaklinga e) Opinber gjöld fyrirtækja	%	Mælt af þjónustudeild Tollstjórans í Rvk.	↑ 1 % ⇒ 98,5% ↑ 0,9 % ⇒ 98,5% ↑ 0,55 % ⇒ 99,0% ↑ 3,13% ⇒ 75,0% ↑ 2,74% ⇒ 85,0%
Málsmeðferðartími í rannsóknardeild	Dagar	Talning úr málaskrá lögreglu	< 60
Fækkun innbrota, þjófnaða og eignaspjalla	%	Talning úr málaskrá lögreglu	≥ 10 %
Fækkun umferðaróhappa	%	Talning úr málaskrá lögreglu	≥ 7 %
Þjónusta			
Ánægja viðskiptavina	% ánægðra	Viðhorfskönnun	> 90%

4. Mat á árangri samkvæmt settum deilimarkmiðum.

Framangreind deilimarkmið eru miðuð við árið 2007. Hér á eftir er greint frá hvernig staðan var í árslok 2004. Í sumum tilfellum hófst mæling ekki á árinu 2004 en verður framkvæmd síðar. Staðan í ársbyrjun er svo sem er lýst hér á eftir.

Starfsfólk

Ánægja starfsmanna hefur ekki verið mæld.

Innra starf

- Afgreiðslutími sífjamála.
Tíminn var ekki mældur á árinu.
- Afgreiðslutími ákærumála.
Mæling á afgreiðslutíma ákærumála verður mæld á árinu 2005.
- Tölvuvæðing þinglýsinga.
Í kaflanum um þinglýsingar kemur fram að í árslok 2004 var búið að tölvutaka 86,24% af eignum í Kópavogi.
- Innheimtuárangur.
Vísað er til kaflans um innheimtu. Þar kemur fram að markmið sem sett voru miðað við árið 2007 hafa þegar náðst varðandi opinber gjöld einstaklinga og félaga. Jafnframt kemur þar fram að innheimtuárangur í öllum gjöldum jókst á árinu 2004.
- Málsmeðferðartími í rannsóknardeild lögreglunnar.
Vísað er til kaflans um rannsóknardeildina. Sett markmið var að hvert mál tæki ekki lengri tíma að jafnaði í rannsóknardeild en 60 daga. Samkvæmt því sem greint er frá í umræddum kafla var málsmeðferðartími kominn niður fyrir 40 daga.
- Fækkun innbrota, þjófnaðar og innbrota um 10%.
Sett takmark náðist ekki. Vísast um þetta nánar í kaflann um löggæslumál.
- Fækkun umferðaróhappa um 7%.
Sett takmark náðist ekki. Vísast um þetta nánar í kaflann um löggæslumál.

Þjónusta

Ánægja viðskiptavina hefur ekki verið mæld.

Rekstur embættisins

Markmið varðandi rekstur embættisins hafa náðst. Rekstur þess hefur þrjú síðustu ár verið innan fjárheimilda. Þrátt fyrir sífellt aukin verkefni síðustu tíu til tólf árin hefur starfsmönnum ekki fjölgað í skrifstofhluta, í raun fækkað, en lítillaga fjölgað í löggæsluhluta þó ekki í neinu samræmi við fólksfjölda og verkefnaaukningu. Þennan árangur ber að þakka dugmiklu starfsfólki embættisins.

5. Nokkur áhersluatriði

- **Starfsmannastefna**

Gert er ráð fyrir að embættið setji sér starfsmannastefnu á árinu 2005.

- **Upplýsingatækni**

Embættið fagnar þeirri stefnumótun sem framundan er undir forystu dómsmálaráðuneytisins að nýta upplýsingatækni til þess að auka þjónustu sýslumannsembættanna.

- **Skjalaskráning**

Skráningu ýmissa erinda, sem falla utan hinna venjulegu málaskrárkerfa sýslumannsembættanna, er ábótavant. Vitað er að mál þetta er til sérstakrar skoðunar í dómsmálaráðuneytinu og þess má vænta að góð lausn finnist á því. Embættið mun styðja þetta verkefni svo sem kostur er.

- **Heimasíða sýslumanna**

Komið hefur verið á fót sameiginlegri heimasíðu fyrir sýslumannsembættin. Innan þeirrar heimasíðu hefur hvert embætti sína eigin heimasíðu. Stefnt er að því að efla heimasíðu sýslumannsembættisins í Kópavogi.

- **Fræðslumál**

Sett hefur verið á stofn öflugt fræðslustarf fyrir starfsfólk sýslumannsembættanna. Að undirbúningi að þessu starfi hafa unnið fullrúar frá sýslumannafélaginu og fullrúar frá starfsmönnum sýslumanna ásamt fræðslusetrinu Starfsmennt sem rekið er á vegum SFR og hefur haft veg og vanda að undirbúningi fræðslunnar. Embættið mun styðja þessa fræðslustefnu eins og kostur er.

- **Hagræðing í rekstri embættisins**

Æmbættið mun halda áfram að leita allra leiða til þess að nýta fjárveitingar, sem embættið fær til ráðstöfunar sem best í þeim tilgangi að styrkja starfsemi embættisins og auka þjónustu við borgarana.

